

## Reginn hf.

### Hluthafundur 29. maí 2024

Dagskrá og tillögur fyrir hluthafafund Regins hf. sem haldinn verður á skrifstofu félagsins að Hagasmára 1, 201 Kópavogi, miðvikudaginn 29. maí 2024 kl. 15:30.

Dagskrá fundarins er svohljóðandi:

1. Tillaga um breytingu á nafni félagsins
  - a. Stjórn Regins hf. leggur til breytingu á 1. gr. samþykka félagsins þess efnis að félagið taki upp nýtt nafn sem verði Heimar hf.
2. Tillaga um breytingu á 4. gr. samþykka félagsins
  - a. Stjórn Regins hf. leggur til að núgildandi heimild í 2. mgr. 4. gr. samþykka félagsins til handa stjórn til þess að hækka hlutfé til þess að efna uppgjör á valfrjálsu yfirtökutilboði í allt hlutfé Eikar fasteignafélags hf., sem samþykkt var á hluthafafundi 12. október sl., falli brott.
3. Önnur mál, löglega fram borin.

### Tillögur stjórnar Regins hf.

#### 1. Tillaga um breytingu á nafni félagsins

Stjórn Regins hf. leggur til við hluthafafund félagsins að félagið taki upp nýtt nafn sem verði Heimar hf. Samhliða breytist 1. gr. samþykka félagsins og hljóði svo: „Félagið er hlutfélag og er nafn þess Heimar hf.“.

*Greinargerð með tillögu stjórnar um nafnabreytingu:*

Undirbúningur að endurmörkun félagsins hefur átt sér stað undanfarin misseri. Heildarásýnd var endurskoðuð frá grunni og farið var í rannsóknir og ítarlega greiningu á markaði. Niðurstaðan var að finna nýtt nafn á félagið og marka því nýja og ferska ásýnd. Nýtt kraftmikið heiti og einkennandi útlit skapar félaginu sérstöðu og styður við stefnu og sýn félagsins.

Í tillögunni felst efnislega að fundurinn veiti stjórn heimild til að breyta nafni félagsins í samþykktum þess.

#### 2. Tillaga um breytingu á 4. gr. samþykka félagsins

Stjórn Regins hf. leggur til að núgildandi heimild í 2. mgr. 4. gr. samþykka félagsins til handa stjórn til þess að hækka hlutfé til þess að efna uppgjör á valfrjálsu yfirtökutilboði í allt hlutfé Eikar fasteignafélags hf., sem samþykkt var á hluthafafundi 12. október sl., falli brott.

Að fenginni samþykkt framangreindrar tillögu mun 4. gr. samþykka félagsins hljóða svo:

„Hlutfé félagsins er 1.809.546.970 kr.

Eittþúsundáttahundruðogníumilljónirfimmhundruðfjörutíuogsexþúsundníuhundraðogsjötíuukr ónur. Hlutir skulu hljóða á nafn.“.

*Greinargerð með tillögu stjórnar um breytingu á 4. gr. samþykka félagsins:*

Þann 29. apríl 2024 sendi Reginn hf. frá sér tilkynningu um að stjórn félagsins hefði ákveðið að afturkalla samrunatilkynningu félagsins, sem send var inn til Samkeppnieftirlitsins þann 29. september 2023, vegna fyrirhugaðs samruna félagsins og Eikar fasteignafélags hf. („Eik“), samhliða því sem Reginn hf. hygðist óska eftir heimild Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands til að falla frá valfrjálsu tilboði félagsins í allt hlutafé Eikar.

Með hliðsjón af framangreindu er ljóst að félagið mun ekki nýta heimild stjórnar til að auka hlutafé til að efna uppgjör á valfrjálsa tilboðinu, sem var samþykkt á hluthafafundi félagsins þann 12. október 2023, og því leggur stjórn til að 2. mgr. 4. gr. samþykka félagsins falli brott.

### **3. Önnur mál löglega upp borin**

#### **Aðrar upplýsingar:**

Ofangreind dagskrá og tillögur auk skjala sem lögð verða fyrir aðalfund eru hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins. Einnig eru skjölin aðgengileg á heimasíðu félagsins, [www.reginn.is/fjarfestavefur](http://www.reginn.is/fjarfestavefur)

Aðalfundur félagsins verður án pappírsgagna.

Kópavogi, 8. maí 2024.

**Stjórn Regins hf.**